



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. október 2022  
2009205SA GB  
Málalykill: 09.20

### Efni: Umsögn um frv. um br. á skipulagslögum (raflínuskipulag), 144. mál


Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. september, þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp, sem einnig var til umfjöllunar á 152. þingi og er nú lagt fram óbreytt.

Umsögn sambandsins um málið á 152. löggjafarþingi, dags. 23. maí 2022, var jákvæð í garð málsins og mælti sambandið með samþykkt málsins.

Í umsögnum frá sveitarfélögum sem borist hafa um málið á yfirstandandi þingi kemur fram almenn andstaða af hálfu sveitarfélaga við það inngríp í skipulagshlutverk sveitarfélaga sem felst í þeim sérreglum um málsmeðferð við gerð skipulags og útgáfu framkvæmdaleyfa sem frumvarpið mælir fyrir um. Í ljósi þessa beinir sambandið því til Alþingis og innviðaráðuneytisins hvort mögulegt sé að skoða aðrar og minna íþyngjandi leiðir til þess að leysa úr þeim vandamálum sem til staðar eru í dag og snúa að ákvörðunum um lagningu meginflutningskerfis raforku og þeim öryggis- og almannahagsmunum sem málið varðar.

Ef niðurstaða nefndarinnar verður að leggja til breytingar á frumvarpinu, með hliðsjón af fyrirliggjandi umsögnum, er gerð krafa um að samráð verði haft við sambandið um útfærslu þeirra enda er skipulagsvaldið jafnan talið vera hornsteinn sjálfstjórnaréttar sveitarfélaga.

Virðingarfallst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs